

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/2729**  
**komudagur 14.5.2008**

Nefndasvið Alþingis  
Selma Hafliðadóttir, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. maí 2008.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breyting á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006. 135. löggjafarþing 2007-2008, þskj. 840– 539. mál.**

Laganefnd LMFÍ („laganefnd“) hefur haft ofangreint frumvarp til umsagnar.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að með því er að stórum hluta verið að koma til móts við athugasemdir FATF við efni gildandi laga og reglna á þessu sviði og telur laganefnd mikilvægt að brugðist sé við athugasemdunum til að tryggja trúverðugleika íslensks viðskiptalífs.

Það vakti athygli nefndarinnar að lagt er til að Neytendastofu verði falið að gegna hlutverki eftirlitsaðila gagnvart þeim aðilum sem í atvinnuskyni selja hluti sem greitt er fyrir með reiðufé að fjárhæð 15.000 evrur eða meira. Samkvæmt 1. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda er það hlutverk Neytendastofu að starfa að stjórnarsýsluverkefnum á sviði neytendamála, vöruöryggismála, opinberrar markaðsgæslu, mælifræði og rafmagnsöryggismála. Að mati laganefndar fellur verkefni það sem frumvarpið leggur til að stofnuninni verði falið illa að hlutverki hennar lögum samkvæmt sem og verkefnum hennar almennt. Laganefnd telur eðlilegra að eftirlit með umræddum aðilum sé hjá lögreglu enda tekur hún við tilkynningum um grunsamleg viðskipti.

Að öðru leyti gerir laganefnd ekki athugasemdir við efni framangreinds frumvarps að svo stöddu.

Virðingarfyllt,

**f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands,**

---

Eva Bryndís Helgadóttir, hrl., formaður.